

— Ágrip af brjefi landshöfðingja til prófastsins í Árnessýslu um borgun fyrir út- 179
tektir á brauðum. — Prófastur hafði spurt, hvort yfirúttektarmönnum á brauðum bæri 25. ágúst.
ferðakostnaður auk 2 kr. dagpeninga. Landshöfðingi svaraði, að með því að 8. grein laga
13. janúar þ. á. (A 3) ákvæðu sömu dagpeninga fyrir alla úttektarmenn, og þá er 2. gr.
laga 17. desbr. 1875 (A 20) hefði ákveðið fyrir þá, er tæku út brauð, og þar að auki
innihjeldi almenna ákvörðun um ferðakostnað virðingarmanna, virtist ekki ástæða til að
neita úttektarmönnum á brauðum fremur en öðrum úttektarmönnum um ferðakostnað,
en að spurningin um það lægi undir fullnaðarúrslit dómstólanna.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um viðbót við eptirlaun upp- 180
gjafapresta. — Með þóknanlegu brjefi 8. f. m. hafði þjer, herra landshöfðingi, sent mjer 26. ágúst.
þýðingu af brjefi frá stiptyfirvöldunum um skiptingu á viðbót þeirri við eptirlaun fá-
tækra presta og prestaekkna samkvæmt 6. gr. laga 27. febr. 1880, sem veitt er með 13.
gr. A, b, 4. fjárlaganna, og hafði þjer jafnframt skotið því til mín, hvort samþykkja
megi skipting þá, er sýnóðus hefir gjört á fjenu, að því leyti, sem þau skipti fara fram
á, að veita þessum uppgjafaprestum styrk, sira Jóni Thórarensen 50 kr., sira Svein-
birni Eyjúlfsyni 100 kr. og sira Árna Böðvarssyni 90 kr.. enda þótt þessir prestar hafi
fengið lausn frá embætti, eptir að lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta náðu gildi.
Um leið hafði þjer látið í ljósi, að það mundi að líkindum vera vel til fallið, að leita
framvegis í fjárlögunum samþykkis alþingis til þess, að skipta megi fje því, sem veitt er
á þessum lið fjárlaganna, eigi að eins meðal þeirra presta, er lausn höfðu fengið frá em-
bætti, áður en lögin 27. febr. 1880 náðu gildi, heldur og meðal þeirra, er síðar hafa
lausn fengið.

Jeg læt nú eigi hjá líða að tjá yður það þjónustusamlega um þetta efni til þókn-
anlegrar leiðbeiningar, að bæði skortir nú sem stendur heimild til þess, að verja fje því,
er veitt er með 13. gr. A, b, 4. fjárlaganna, á þann hátt, er sýnóðus hefir farið fram á,
með því að styrkur sá til uppgjafapresta, er ráð er fyrir gjört í 6. gr. laga um skipun
prestakalla 27. febr. 1880, er einvörðungu ætlaður þeim prestum, er lausn hafa þegið,
áður en lögin s. d. um eptirlaun presta náðu gildi, enda þykir ráðgjafanum og ísjárvert
að fara því á flot, að fjárveiting þessi verði framvegis svo orðuð í fjárlögunum, að hún
geti einnig náð til presta, er síðar hafa lausn þegið, með því að hinir eldri prestar mundu
þá fara varhluta.

Hins vegar er það nú þegar komið í ljós, að meðal presta þeirra, er lausn hafa
þegið, síðan nefnd eptirlaunalög náðu gildi, eru nokkrir allt eins styrksþurfandi eins og
hinir eldri prestar, og því hefir ráðgjafinn í huga, að leita sjerstakrar fjárveitingar handa
þeim; mætti þá annaðhvort gjöra það á þann hátt, að beiðast einhverrar áætlaðrar aðal-
upphæðar í þessu skyni, eða þá á þann hátt, og það verður ráðgjafinn að telja betur til
fallið, að styrks sje leitað handa nafngreindum uppgjafaprestum, þeim er mest eru þurf-
andi, með ákveðinni upphæð, handa hverjum um sig. Fyrir því skal skorað á yður, herra
landshöfðingi, að senda hingað tillögur yðar í þessu efni, um leið og þjer sendið aðrar
skýrslur, er snerta fjárlagafrumvarpið fyrir 1884 og 1885.

Með því að jeg þar að auki verð að telja það sjálfsagðan hlut, að upphæð þá,
sem nú er áætluð á 13. gr. A, b, 4. fjárlaganna handa uppgjafaprestum, er lausn hafa
þegið, áður enn nefnd eptirlaunalög náðu gildi, megi færa smámsaman niður á fjárlögun-

180 um framvegis, jafnótt sem prestar þeir deyja út, er þessum flokki heyra til, skal enn fremur þjónustusamlega á yður skorað, að yður mætti þóknast að senda ráðgjafanum skýrslu er hafa megi bliðsjón af við samningu næsta fjárlaga-frumvarps, um það, hve margar af þessum styrksveitingum hafi niður fallið á fjárhags-tímabilinu.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI
samkvæmt fjárlögunum 1882 og 1883

10. gr. C. 4.

að tillögum amtsráðsins í suðurumdæminu var Sveini bónda Jónssyni á Gufunesi lagður 250 kr. styrkur til að ferðast til Noregs og læra þar skipasmíði og

Sveini búfræðingi Sveinssyni 250 kr. styrkur til að ferðast til Kaupmannahafnar og ljúka námi sínu við búnaðarháskólann þar.

13. gr. B. V. a.

Kvennaskólanum á Laugalandi í Eyjafirði voru lagðar 1000 kr. til móts við 400 kr. úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins og 100 kr. úr sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu.

13. gr. B. V. b.

Barnaskólanum í Ølvesi voru lagðar 200 kr. fyrir skólaárið 1882—83 til móts við minnst 100 kr. styrk úr sveitarsjóði Ølveshrepps.

Barnaskólunum í Gerðum og á Vatnsleysuströnd var lagður sinn 300 kr. styrkur hvorum til móts við 200 kr. styrk úr sveitarsjóðum Rosmhvalaness- og Vatnsleysustrandarhreppa hvorum um sig.

EMBÆTTASKIPUN.

21. dag ágústmánaðar var kandidat Lárus Ólafur Þorláksson skipaður prestur Mýrdalsþinga (Dyrhóla, Sólheima, Reynis og Höfðabrekku safnaða) í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi.

S. d. var kandidat Finnbogi Rútur Magnússon skipaður prestur Kirkjubólþinga (Kirkjubóls- og Unaðsalssafnaða) í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

29. dag ágústmánaðar var presturinn að Eyri við Skutulsfjörð sira Þorvaldur Jónsson skipaður prófastur í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

16. dag septembermánaðar var prestinum að Dýrafjarðarþingum sira Jóni Jónssyni veitt Sandaprestakall í Dýrafirði (Sanda- og Hraunssóknir) í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.

PRESTVÍGÐIR.

27. dag ágústmánaðar voru kandidatarnir Halldór Ólafur Þorsteinsson, Lárus Ólafur Þorláksson og Finnbogi Rútur Magnússon prestvígðir til Landeyja- Mýrdals- og Kirkjubólþinga.

3. dag septembermánaðar var kandidat Þorsteinn Halldórsson prestvígður til Fjarðar í Mjóafirði.

HEIÐURSPENINGAR OG HEIÐURSGJAFIR.

Á fræsýningu þeirri, er í sumar var haldin í Sundsvall í Svíþjóð, var ekkjufrú Guðrún Lárusdóttir Guðjohnsen í Reykjavík sæmd hinum minni verðlaunapeningi úr silfri fyrir jarðepli og hinum stærri verðlaunapeningi úr „bronze“ fyrir kálrabífræ og næpnafræ.

Af styrktarsjóði Christians konungs hins níunda í minningu þúsundára hátíðarinnar var Kristni bónda Magnússyni á Engey í Gullbringusýslu veitt 200 kr. heiðursgjöf fyrir framúrskarandi starfssemi til eflingar sjáfarútsvegi og fyrir jarðabætur og

Bárði bónda Sigurðssyni á Kollabæ í Rangárvallasýslu 120 kr. heiðursgjöf fyrir jarðabætur einkum vatnsveitingar.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Presthólar í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi — Presthóla og Ásmundarstaðasóknir. Metið 636 kr. 41 e. þar að auki 300 kr. uppbót úr landssjóði. Auglýst 14. ágúst.

Þykkvabæjarklaustur í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi — Þykkvabæjar og Langholtsóknir. Metið 923 kr. 70 a. Prestsekkja nýtur $\frac{1}{12}$ af tekjum brauðsins. Auglýst 23. ágúst.

Dýrafjarðarþing í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi — Mýra, Núps og Sæbólssóknir. Metið 670 kr. 50 a. Auglýst 18. septbr. 1882.